

## Fundargerð

10. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, þriðjudaginn 22. mars 2005, og hófst hann kl. 20:00.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson formaður, Einar K. Jónsson, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Birgir Guðjónsson, Guðmundur G. Kristinsson, markaðsráðgjafi FRÍ, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og formaður íþróttamannanefndar og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn og stjórnaði.

### 1) Fundargerðir

- a) Fundargerð 9. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

### 2) Fjármál og rekstur

- a) Ársreikningar 2004. Frestað.
- b) Staða varðandi styrktarsamninga fyrir 2005.  
Guðmundur greindi frá stöðu mála varðandi styrktarsamninga við fyrirtæki, fram kom að tvö fyrirtæki væru búin að gefa jákvæð svör um að gerast aðalstyrktaraðilar FRÍ á árinu.
- c) 2.tbl. Frjálsíþróttablaðsins 2005.  
Lögð fram drög að kostnaðaruppgjöri vegna 2.tbl. Frjálsíþróttablaðsins, sem út kom í febrúar, en samkvæmt því er tap um kr. 150þús á blaðinu að þessu sinni. Samþykkt að fela Guðmundi að skoða þá þætti sem betur mættu fara í undirbúningi útgáfu blaðsins.
- d) Samstarfssamningur um ferðamál FRÍ.  
Lögð voru fram drög til að samstarfssamningi við ferðaskrifstofur. Samþykkt að ganga til samninga við Úrval Útsýn vegna ferðamál FRÍ. Gjaldkera falið að ganga frá samkomulagi við ÚÚ í samræmi við umræður fundarins.
- e) Greiðslur til einstaklinga frá Afrekssjóði ÍSÍ.  
Lögð voru fram drög að bréfi til ÍSÍ vegna þeirrar kröfu Afrekssjóðs að greiðslur til sérsambanda vegna einstaklinga skuli óskiptar renna til viðkomandi íþróttamanna.  
Rætt. Formanni falið að ræða málið frekar við ÍSÍ, en fram kom í máli formanns að um stefnubreytingu er að ræða að hálfu ÍSÍ í þessum málum.
- f) Samkomulag við Sigurbjörn Árna Arngrímsson.  
Lögð fram drög að samkomulagi milli FRÍ og Sigurbjörns Árna Arngrímssonar um að taka að sér formennsku í Íþrótt- og afreksefnd FRÍ og yfirumsjón með landsliðsverkefnum sambandsins á árinu. Samþykkt.

### 3) Móta- og íþróttamál

- a) Endurskoðaðar tillögur að lágmörkum fyrir mót á árinu 2005.  
Lagðar fram tillögur að lágmörkum fyrir alþjóðleg mót á árinu 2005. Samþykkt.  
Þá var samþykkt að senda ekki sömu einstaklinga á Heimsmeistaramót 17 ára og yngri og á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar.
- b) Málefni landsliðs og keppnisferðir 2005.
  1. Lagður fram tölvupóstur frá Sunnu Gestdóttur, USAH, þar sem fram kemur að hún gefi ekki kost á sér í Landslið Íslands á árinu. Hún vill ekki gefa upp frekari skýringar á þessari ákvörðun sinni.
  2. Lagt fram yfirlit yfir áætlaða þátttöku í keppnisferðum á árinu og kostnaðaráætlun fyrir allar ferðir. Töluvert vantar uppá að tekjur séu á móti gjöldum vegna fyrirhugaðra keppnisferða á árinu. Frestað.
- c) Hlaupaskrá FRÍ 2005. Frestað.
- d) Misræmi í framkvæmd reglugerðar um stigakeppni á MÍ.  
Stefán ræddi um að misræmi væri reglugerðar og framkvæmdar á stigakeppni í Meistaramóti Íslands, en samkvæmt hans skilningi á reglugerðinni ætti að keppa til stiga bæði í karla og kvennaflokki á MÍ, en ekki í samanlagðri heildastigakeppni beggja kynja. Rætt um að skoða þurfi betur mótareglur FRÍ fyrir næsta þing sambandsins að ári.

#### 4) Útbreiðsla

- a) Átak í áhaldakaupum fyrir Fjör í Frjálsum.  
Stefán ræddi um möguleika á kaupum á áhaldapakka fyrir Fjör í Frjálsum.  
Málið rætt út frá ýmsum sjónarhornum t.d. að FRÍ ætti einn “pakka” sem hægt væri að lána til skóla um allt land til kynningar á verkefni. Einnig var rætt um “Kids in Athletics” sem er sambærilegt útbreiðsluverkefni á vegum IAAF.  
Samþykkt að Guðmundur kanni möguleika á styrktaraðila fyrir verkefnið og Sonja skoði framkvæmdalega útfærslu á því.
- b) Unnur greindi frá fundi í Markaðsráði FRÍ þann 1. mars sl. og sagði frá nokkrum hugmyndum af fjáröflunar og útbreiðslumálum.  
Guðmundur fór nánar yfir mögulega útfærslu á nokkrum hugmyndum s.s. tímarit, Merkisbera FRÍ og heimasíðu FRÍ. Samþykkt að hefja undirbúning að því að hrinda framkominni tillögu um Merkisbera FRÍ í framkvæmd.
- c) Heimasíða FRÍ og fjölmiðlar.  
Formaður lagði fram umræðutillögu um heimasíðu FRÍ og fjölmiðlamál. Rætt.

#### 5) Lagt fram

- a) ÍSÍ, skil á starfsskýrslum fyrir starfsárið 2005.
- b) ÍSÍ, styrkir Ólympíusamhjalparinnar vegna þjálfaramenntunar.
- c) Fundur með RUV 18.02.2005.
- d) IAAF, “World Rankings Yearbook 2005”
- e) ÍSÍ, kynnisferð- og námsferð til USA.
- f) Umsóknir um styrki úr Ólympíufjölskyldu.
- g) EAA, Development Support Programme 2005. Fram kemur að FRÍ fær um kr. 500þús. í styrk til þróunarverkefnis vegna Afrekshóps unglunga á árinu 2005, sem Fríða Rún hefur umsjón með.
- h) Bréf til Írska sambandsins.
- i) Svarbréf frá Írska sambandinu, þar sem fram kemur að þeir hafni bótarkröfu FRÍ vegna tjóns sem varð í Evrópubíkarkeppninni 2003.
- j) Fréttablað frjálsíþróttadeildar FH.

#### 6) Innsend erindi/mál

- a) Lagt fram bréf frá Sigurði Pétri Sigmundssyni, dagsett 1. mars sl., þar sem hann tilkynnir úrsögn úr varastjórn FRÍ.
- b) Lagt fram bréf frá UMSK, dagsett 10. mars sl., um að 25. Landsmót UMFÍ, fari fram 5.-8. júní 2007. Hvatt er til að sérsambönd taki tillit til þessa varðandi niðurröðum móta í hinum ýmsu íþróttagreinum.
- c) Styrkumsókn Öldungaráðs vegna norræns fundar. Samþykkt að veita Öldungaráði styrk, allt að kr. 60þús. til að sækja fund í Norræna Öldungaráðinu.
- d) Lagt fram bréf frá Magnúsi Aron Hallgrímssyni, dagsett 14. mars sl., þar sem hann fer fram á styrk vegna æfingabúða í San Diego í Bandaríkjunum í apríl, sem lið í undirbúningi hans fyrir HM í Helsinki í ágúst. Samþykkt að veita Magnúsi styrk allt að kr. 100þús. vegna æfingabúðanna.

#### 7) Önnur mál

- a) Lögð fram tillaga að styrkveitingum til afreksfólks, sem líklegt er til að ná lágmarkum á HM í Helsinki, en hlaut ekki úthlutum frá Afrekssjóði í janúar.  
Samþykkt heimild til að úthluta styrkjum allt að kr. 100þús. til þessara íþróttamanna.  
Þá var samþykkt að íþróttamenn skuli styrktir frekar nái þeir lágmarkum fyrir HM.  
Viðkomandi íþróttamenn skulu sækja um styrkinn vegna sérstakra æfingabúða til undirbúnings fyrir HM til stjórnar FRÍ og verður hver umsókn metin fyrir sig.  
Framkvæmdastjóri sendi viðkomandi íþróttafólki bréf með upplýsingum um málið.
- b) Birgir greindi frá fundi sem hann sat vegna Íþrótt- og sýningarhallarinnar og sagði hann forsvarsmenn hallarinnar hafa tekið vel í allar tillögur frá FÍRR vegna áhalda og aðstöðumála í höllinni, sem opnuð verður í haust.

- c) Birgir ítrekaði að IAAF viðurkennir ekki undanþágubeiðnir TUE (Therapeutic Use Exemptions) frá lyfjæftirliti einstakra landa fyrir íþróttamenn sem keppa í frjálsíþróttum á alþjóðavettvangi. Sækja verður um undanþágu 21 degi fyrir keppni til Læknaneftdar IAAF. Telja verður sjálfsagt að ÍSí viðurkenni slíkar undanþágur. IAAF krefst (eins og IOC) öndunarprófa (provaction test) til sönnunar á asthma. Íþróttamenn sem þurfa nota asthmalyf þurfa því að undirgangast slík próf hjá lungnalækni tímanlega fyrir keppni. Birgir getur aðstoðað og jafnvel sótt um fyrir íþróttamenn en meðlimir Læknaneftdar IAAF geta ekki afgreitt beiðnir frá eigin íþróttamönnum.
- d) Lagt fram bréf frá Hanno Reihneck, sem hefur verið íslensku frjálsíþróttafólki innan handar í Þýskalandi sl. 30 ár. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.
- e) Þing EAA í Ljubljana í Slóveníu 16. apríl nk. Ákveðið að senda fulltrúa, en EAA greiðir kostnað fyrir einn fulltrúa frá hverju landi og formaður fer sem stjórnarmaður EAA.
- f) Stefán ræddi hugmyndir FÍRR um kveðjumót í Baldurshaga í apríl, þar sem andi Baldurshagans yrði formlega fluttur í nýju höllina. Þá minntist hann á að á næsta ári væru 50 ár liðin frá því að Vilhjálmur Einarsson vann til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum og vert væri að minnast þess afreks.

Fundi slitið kl. 22:30

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.